

OECD Employment Outlook - 2007 Edition

Summary in Icelandic

Atvinnuhorfur í OECD – útgáfa 2007

Útdráttur á íslensku

- BRIK-in – Brasilía, Rússland, Indland og Kína – eru núna mikilvægir leikendur í hnattrænu efnahagslífi. Í *Atvinnuhorfum 2007* er litið til þess hvernig það hefur haft áhrif á vinnumarkaði þeirra og fjallað um ástand vinnuafslins.
- Í þessari útgáfu er líka litið á það hvaða áhrif hnattvæðingin hefur á starfsmenn í OECD ríkjunum. Þótt áhrifin séu almennt orðum aukin eru teikn uppi um vaxandi óöryggi á vinnumörkuðum og breikkandi misrétti.
- Einnig í þessari útgáfu: Hvernig stefnumótun vinnumarkaða hefur áhrif á framleiðni; Áhrif af fjármögnun félagslegra varna á atvinnulíf; Og litið á það hvað OECD ríki gera til að koma hinum atvinnulausu aftur í vinnu.

Í **Atvinnuhorfum í OECD** er litið árlega á lykilþætti í atvinnumálum. Í útgáfunni 2007:

Vinumarkaðir í BRIK-unum

BRIK-hagkerfin – Brasilía, Rússland, Indland og Kína – standa núna að baki fjórðungi vergrar landsframleiðslu heims, hefur farið upp úr 17% frá árinu 1990, og þau eru mikilvægir efnahagslegir samstarfsaðilar OECD ríkjanna. Framtíðarárangur BRIK-hagkerfanna mun að miklu leyti felast í vinnumörkuðum þeirra. Vegna gagnatakmarkana og stærðar hinna óformlegu BRIK-hagkerfa veita þessir markaðir auðveldri skoðun viðnám. Hvað sem því líður virðist sem það sé fjöldi skilgreinanlegra einkenna og tilhneingna:

Hraður vöxtur hefur keyrt áfram atvinnulífið. Samanlagt bjuggu BRIK-in til 22 milljónir nýrra starfa á ári fyrstu fimm ár aldarinnar, til samanburðar við 3,7 milljónir á OECD svæðinu í heild sinni.

Engu að síður er **atvinnuleysi** umtalsvert. Í Brasilíu og Rússlandi og Kína (þéttbýlissvæði) er hlutfall atvinnulausra um 8-9%, og það er nokkru lægra á þéttbýlissvæðunum á Indlandi. Það er líka verulegt atvinnuleysi, einkum meðal kvenna í Brasilíu og á Indlandi, fullorðinna starfsmanna í Rússlandi og í sveitahéruðum Kína og Indlands.

Fyrir utan Rússland er **óformlegt atvinnulíf** – þ.e. atvinnulíf sem er ekki opinberlega yfirlýst og sem leggur ekkert til samfélagsins – útbreitt og vaxandi. Í Brasilíu stendur það fyrir u.þ.b. helmingi alls atvinnulífs, og u.þ.b. 85% á Indlandi.

Launamisrétti hefur vaxið í Kína og á Indlandi og viðhelst mikið í hinum tveimur BRIK-unum. Þetta virðist vera í mótsögn við staðlaða viðskiptakenningu sem bendir annars til að alþjóðleg samþætting hagkerfa með mikinn fjölda ófaglærðra starfsmanna ætti að leiða til hækkunar hlutfallslauna fyrir slíka starfsmenn.

Um miðbikið er gert ráð fyrir að BRIK-in upplifi verulega **öldrun fólks** sem mun takmarka framboð nýrra starfsmanna. Á næstu 15 árum mun hægjast á aukningu vinnuafis á Indlandi, hún falla um helming í Brasilíu og í reynd staðna í Kína. Í Rússlandi kann vinnuaflið jafnvel að dragast saman.

Einnig mun **menntunarfærni** aukast verulega um miðbikið í öllum BRIK-unum nema Rússlandi þar sem menntaður starfskraftur er þegar meiri en í OECD ríkjunum. Á móti er menntunarfærni í Brasilíu, Indlandi og Kína langtum minni en á OECD svæðinu. Aukning atvinnuleysis meðal ungs fólks í þessum þremur ríkjum bendir til þess að bæta þurfi gæði í menntun til að standast kröfur vinnumarkaðarins.

Fleiri störf en með minni framleiðni?

Vöxtur í vergri landsframleiðslu miðað við höfðatölu er keyrður áfram af bæði hlutfallsaukningu fólks í vinnu (starfsnýting) og frálagi á starfsmann (starfsframleiðni). Árið 2006 skilgreindi endurákvörðuð OECD starfastefna

[\[Mynd 1.2\] Atvinnu- og atvinnuleysisstölur í BRIK-unum og á OECD svæðunum](#)



[\[Mynd 1.7\] Íbúasamsetning í BRIK-unum og á OECD svæðunum](#)




fjölda annars konar pakka af stefnumótun vinnumarkaða sem auka atvinnu og draga úr atvinnuleysi. En sumir halda fram að aðeins markaðsvædd vinnumarkaðsstefna, eins og sú í Bandaríkjunum eða í Bretlandi, geti aukið starfsnýtingu og vinnuframléi á sama tíma.

Og hvaða áhrif hefur stefnumótun vinnumarkaða á framléi? Ströng **vinnuvernd** fyrir starfandi starfsmenn kann að draga úr framléi með því að tálma hreyfingu starfsmanna í átt að samruna í háframléinniðnaði. Til mótvægis virðast **lágmarkslaun** auka framléi, þótt það kunnist að vera vegna þess að ófaglærðum starfsmönnum reynist erfiðara að finna vinnu. Ríflegar **atvinnuleysisbætur** geta aukið framléi með því að hjálpa hinum atvinnulausu við að finna vinnu sem hæfir færni þeirra og með því að örva tilurð starfa sem fela í sér mikla áhættu og mikla framléi. **Fjölskylduvæn stefna** getur líka aukið framléi ef foreldrum er leyft að vera áfram í starfsliðinu.

Stefnumótun sem eflir atvinnulíf getur þvingað niður mælda framléi, að hluta með því að auka atvinnumöguleika fyrir ófaglærða starfsmenn. Þetta dregur niður meðaltalsframléinistig en hefur engin áhrif á framléi starfandi starfsmanna.

Heilt yfir eru **engin afgerandi merki** sem sýna að stefna sem barist var fyrir í endurákvæðri OECD starfaáætlun grafi undan framléinivexti. Reyndar er hún líklegri til að hafa jákvæð áhrif á verga landsframléiðslu miðað við höfðatölu ásamt því að koma á félagslegum bótum, s.s. aukinni atvinnu.

[Mynd 2.2] Tengsl milli vaxtar í starfsnýtingu og framléi



[Mynd 2.7] Áhrif foreldraorlofs á framléi



OECD starfsmenn í hnattrænu hagkerfi: í auknum mæli óvarðir?

Með hnattvæðingunni – þegar losað er um verslun á heimsvísu – hafa tekjur fólks á OECD svæðinu aukist. Til dæmis fellur OECD ríkjum sem sjá 10 prósentustiga aukningu í opnum viðskiptum í skaut u.þ.b. 4% aukningu í tekjum miðað við höfðatölu.

Þrátt fyrir þennan ávinning eru verulega **blendnar tilfinningar** gagnvart hnattvæðingu. Þótt hnattvæðing hafi hjálpað við að hækka tekjur margra starfsmanna hefur sumum – sérstaklega þeim ófaglærðu – farnast verr, og núna eru ósviknar almennar áhyggjur af því að hnattvæðingin þrengi að launum og spilli aðstæðum starfsmanna í OECD ríkjum. Hversu réttlætanager er þessi ótti?

Þess eru nokkur merki að verslun síðustu áratuga sem hefur eflst hafi aukið bæði **misrétti og óöryggi** í tekjum OECD starfsmanna. En það þarf að hafa nokkrar mikilvægar viðvaranir í huga. Í fyrsta lagi er erfitt að aðskilja áhrif af hnattvæðingunni frá áhrifum af tæknibreytingum eða formgerðarumbótum og í öðru lagi eru áhrifin ekki eins mikil og af er látið.

Áhrifin af hnattvæðingunni á starfsmenn eru breytileg og þau eru að hluta ákvörðuð af færnistigum starfsmanna. Þótt það að vera **erlendis** hafi engin raunveruleg áhrif á heildarfjölda starfsmanna í vinnu getur það dregið úr eftirspurn eftir ófaglærðum starfsmönnum, að öllum líkindum af því að fyrirtæki hneigjast til að flytja stöðluðustu framléiðslustigin úr landi.

Ef grannt er skoðað sést að hnattvæðing er meðal þess fjölda þátta – þar


með taldar umbætur í stefnumótun heima fyrir og tæknibreytingar – sem leggur sitt til **meiri sveigjanleika** í bæði launa- og vinnukröfum sem hefur hvort tveggja brugðist sterkar við efnahagslegum áföllum.

Vísbending um þessa breytingu er að **launapolið í vinnukröfu** jókst úr 0,2 í 0,5 (í algjörum verðmætum) milli 1980 og 2002. Þetta þýðir kraftmeiri vinnumarkað sem leggur mikið upp úr því að vera hreyfanlegur og að hafa réttu færnina. Reyndar veldur aukin erlend samkeppni aukinni starfsmannaveltu.


Um **tekjumisrétti**, sá hluti þjóðartekna sem var skýrður með launum starfsmanna hefur fallið, og ansi skart í sumum ríkjum. Það er líka vaxandi tekjubil en það er að mestu skýrt með snöggri tekjuaukningu meðal þeirra 10% tekjuhæstu frekar en falli á hinum enda tekjuskalans. Umfang framlagsins vegna hnattvæðingarinnar í þessum breytingum er óljóst. Engu að síður benda breytingarnar í tekjudreifingu til þess að hnattvæðing leyfi litlum sérhópum starfsmanna og fjárfesta að draga sig út úr öllum öðrum hópum.

Sem viðbragð við öllum þessum breytingum verða stjórnvöld að þróa **stefnumótunarpakka** sem felur í sér regluverk, atvinnuástand og félagslegar varnir til að styðja við starfsmenn á sístækkandi kraftmiklum vinnumarkaði og verða að einbeita sér sérstaklega að því að þróa færni starfsmanna.

[Mynd 3.6] Launavöxtur og tengslin við opnun í viðskiptum



[Mynd 3.8] Tekjumisrétti í 10 OECD ríkjum frá 1980



Að fjármagna félagslegar varnir: atvinnuárangur

Almenn fjárnotkun vegna félagslegra varna – aðallega vegna heilbrigðis- og lífeyrismála – er skýringin á að meðaltali u.þ.b. fjórðungi vergrar landsframleiðslu í OECD ríkjum. Umfang þessarar fjárnotkunar og aðferðirnar við að afla fjárins – hvort það er með almennri skattheimtu, tekjusköttum eða framlagi atvinnurekenda eða starfsfólks – geta haft áhrif á vinnumarkaðina.

Fjármögnun félagslegrar fjárnotkunar skapar **fleyg** milli þess sem starfsmenn vinna sér inn nettó og kostnaðarins við að hafa þá í vinnu (sem er kynntur með því sem þeir borga í tekjuskatt og með félagslegum framlögum þeirra og atvinnurekenda þeirra). Almenn séð, þeim mun stærri sem skattfleygurinn er, þeim mun meiri eru áhrifin á vinnumarkaði. Engu að síður eru áhrifin háð þremur meginþáttum:

Skattablandan: Það er grundvöllur til að fjármagna almenn félagsleg varnaáform, s.s. í heilbrigðismálum, með miklu sameiginlegu umfangi í almennri skattheimtu. Til mótvægis ætti að nota félagsleg framlög til að fjármagna áform sem eru tengdari stöðunni á vinnumörkuðum, s.s. atvinnuleysistryggingar eða lífeyri. Með því að nota betur almenna skattheimtu – tekjuskatt og neysluskatta, en jafnvel líka umhverfis- og eignaskatta – er hægt að minnka skattfleyginn og auka fjárhagslegan hvata til vinnu. Hvað sem því líður þarf að íhuga alla þessa kosti vandlega, og það eru engar varaskeifur fyrir betri stjórnun í kerfi fjárnotkunar.

Skattastigmögnun: Skattfleygurinn getur haft sérlega mikil áhrif á lágt launað starfsfólk, einkum þar sem um er að ræða há lágmarkslaun. Þetta kann að réttlæta að umfang framlaga frá atvinnurekendum minnki. Burðargetutap hneigist engu að síður til að vera umtalsvert en óhóflegur niðurskurður veldur

meiri háttar fjármálavanda. Að finna jafnvægið milli lágmarkslauna, vinnuskatta og bóta í vinnu – þessara þriggja tekjubátta hjá lágmarkslaunþegum – er þess vegna nauðsynlegt. En heilt yfir er hreyfing í átt að framfarasinnaðri fjármögnun ráðleg.

Tengsl milli skatta og bóta: Það að búa til sterkari hlekk milli greiddra skatta og móttækinnna bóta kann að hjálpa við að draga úr áhrifunum af skattfleygnum. Til dæmis getur starfsfólk sætt sig við lægri nettótekjur ef það sér greinilega að meira skilar sér síðar í formi meiri lífeyris. Engu að síður eru eftirtektarverð mörk á þessu sviði, tengd hinni sterku sameiginlegu stærð fjölda félagslegra áforma, eins og heilbrigðismálum. Til að taka annað dæmi kunna atvinnurekendur að bæta stjórnina á vinnuaflinu ef það sem þeir borga er tengt sögu fyrirtækisins hvað varðar uppsagnir, snemmbúin starfslok eða yfirfall veikinda og fötlunar.

Að virkja hina atvinnulausu: það sem ríki gera

Mörg ríki eru núna virk í því að hvetja hina atvinnulausu til að finna vinnu með því að virkja sig í atvinnuleit og með því að bæta ráðningargæfi sitt. Það er fjöldi venjulegra þátta í þessum aðferðum: Skjótt og reglubundið samband hinna atvinnulausu við atvinnuráðgjafa; reglubundnar tilkynningar um vinnuframboð og viðleitni til að finna vinnu; beinar tilvísanir til lausra starfa; að búa til einstaklingsaðgerðaáætlanir; og tilvísanir til virkra vinnumarkaðsáætlana (VVMÁ) til að vinna gegn því að atvinnuleitandinn tapi áhuga og færni.

En hvernig eru slíkar aðferðir **framkvæmdar**? OECD leitaðist við að finna svarið með því að biðja aðildarríki að svara spurningalista um stefnumótun sína við að „virkja“ hina atvinnulausu. Þótt gera þurfi fleiri rannsóknir er ljóst að það er mikil fjölbreytni í aðferðum á þessu sviði og að ríki nota vaxandi fjölda og fjölbreytni í aðferðum.

Í flestum tilfellum verða hinir atvinnulausu að **skrá** sig hjá atvinnumiðlun til að fá bætur. Hin smærri skráningaratriði atvinnuleitandans og mat á atvinnuframboði auðvelda atvinnumiðlunum að útbúa klæðskerasaumud inngríp. Engu að síður er byrjað að greiða út bætur í umtalsverðum fjölda ríkja löngu áður en fullu skráningarferli er lokið sem gæti haft það í för með sér að fjöldi mögulegra starfa fer forgörðum.

Í flestum ríkjum er þess krafist af hinum atvinnulausu að þeir **tilkynni reglulega** hvort þeir séu virkir í atvinnuleit og séu enn atvinnulausir. Að auki er þess krafist í flestum ríkjanna að hinir atvinnulausu mæti reglulega í ítarleg viðtöl við ráðgjafa. Engu að síður er mjög breytileg tíðni slíkra tilkynninga og viðtala. Það er svipaður breytileiki í því hversu oft atvinnuleitendum er vísað á lausar stöður (of sjaldan að því er virðist) og í notkun virkra vinnumarkaðsáætlana fyrir þá sem eru lengi atvinnulausir.

Heilt yfir er **eftirlit** með hinum atvinnulausu að aukast. Þetta er líklegt til að hvetja til hraðari endurráðningar, en það kann að vera galli á gjöf njarðar: Hinir atvinnulausu kunna að finna fyrir þrýstingi um að þiggja störf sem henta ekki. Þótt strangt atvinnuleitareftirlit og „vinna-fyrst“-stefnumótun sé mikilvægt til að vinna á móti viðvarandi atvinnuleysi ætti ekki að gleyma þörfinni fyrir góða

hittni í störfum sem stuðla að stöðugu atvinnulífi.

Að lokum, þótt **virkar vinnumarkaðsáætlanir** hafi reynst verða langtímaatvinnulausum að liði hafa aðeins fá ríki fylgt ráðleggingum OECD um að gera þátttöku í slíkum áætlunum að skyldu. Ríki kunna að hafa góðar ástæður fyrir því að láta slíkar ákvarðanir í hendur atvinnuráðgjafa, en þau ættu samt að gera hinum atvinnulausu ljóst að afskipti verða tíðari þeim mun lengur sem viðkomandi er án atvinnu.

© OECD 2007

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/



